

Kæru nemendur, foreldrar og forráðamenn

Skólinn notar sjálfsmatskerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja úrtak nemenda í skólanum spurninga um námsumhverfi þeirra, virkni í námi og líðan. Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir það sem metið er.

NÁMSUMHVERFI	VIRKNI Í NÁMI	LÍÐAN
• Viðhorf og hollusta til skólans • Samsömun við nemendahópinn • Stuðningur kennara við nemendur • Virk þátttaka nemenda í tímum • Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda) • Hvatning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)	• Námsáhugi • Vinnulag í námi • Fjarvera: Seinkomur í tíma • Fjarvera: Skróp í tíma • Fjarvera án leyfis heilan dag • Ástæður fjarveru	• Vellíðan • Hamingja • Sjálfsálit • Stjórn á eigin lífi (stjórnrot) • Þunglyndi • Kvíði • Svefnleysi • Ástæður svefnleysis • Einelti • Áreitni og ofbeldi

Þeir nemendur sem lenda í úrtakinu svara spurningalista á netinu einu sinni á árinu og tekur um 20 mínútur að svara listanum. Könnunin er hluti af sjálfsmati skólans. Niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapúlsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju. Sjálfsmatskerfið hefur verið tilkynnt til Persónuverndar undir númerinu S5590.

Þetta bréf er sent til að upplýsa þig um fyrirhugaða gagnasöfnun skólans. Ef þú er mótfallin(n) því að þú (eða barn þitt) geti lent í úrtakinu, hafðu þá samband við skrifstofu skólans.

Nánari upplýsingar um sjálfsmatskerfið eru á www.skolapulsinn.is/um. Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapúlsins í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is.